

Sp.

65. Tillaga til þingsályktunar

[60. mál]

um flutning afla af miðum og hafna á milli.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Helgi Seljan, Páll Þorsteinsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka og gera tillögur um, hversu skipuleggja megi flutninga á sjávarafila af fiskimiðum og hafna á milli, með það fyrir augum að nýta sem best afkastagetu veiðiskipa og fiskvinnslustöðva og stuðla að betri meðferð aflans og jafnari atvinnu.

Greinargerð.

Íslendingar hafa að sjálfsgöðu lagt mikla fjármuni í veiðiskip sín og vinnslustöðvar sjávarafila. Það varðar þjóðarhag, að afkastageta þessara atvinnufyrirtækja nýtist.

Rekstrarerfiðleikar síldarverksmiðja, frystihúsa og annarra vinnslustöðva fiskifangs stafa eigi að litlu leyti af því, að árlegur starfstími þeirra er of stuttur. Og vissulega skerðir það veiðitíma og þar með afköst fiskiskipa stórlega að þurfa að sigla til hafnar með hvern farm, stóran eða lítinn eftir atvikum, þegar veitt er á fjarlægum miðum.

Í mörgum sjávarplássum hefur oft gætt tímabundins atvinnuleysis, stundum ár eftir ár, þar sem vinnslustöðvarnar hefur þá skort hráefni í lengri eða skemmri tíma. Jafnhliða getur þá verið landburður í öðrum verstöðvum og dýrmætt hráefni legið þar undir skemmdum. Slík atvik eru alkunn, bæði á vetrarvertíð og á síldveiðum.

Hér við land hafa þegar verið gerðar nokkrar tilraunir til úrbóta með útgerð flutningaskipa. En þær hafa að mestu eða öllu leyti verið tengdar síldveiðunum og þá fyrst og fremst flutningi bræðslusíldar. En vandamálið er miklu víðtækara, eins og þegar hefur verið bent á.

Sums staðar erlendis hefur slík flutningastarfsemi verið færð yfir á víðara svið. Norðmenn hafa t. d. á þessu ári beitt 7—8 þús. lesta flota flutningaskipa af mismunandi stærðum við flutning loðnu suður á bóginn frá hinum norðlægu miðum. Og þeir halda einnig uppi skipulögðum flutningum á öðrum fisktegundum, svo sem þorski og makríl.

Flutningakerfi Norðmanna lýtur sameiginlegri yfirstjórn. Fylgt er þeirri meginreglu að landa afla sem næst veiðisvæði, flutningar lengra til koma því aðeins til greina, að vinnslustöðvar nálægra staða anni eigi því, er að berst. Flutningsmenn tillögunnar telja tímabært, að stjórnarvöld taki þessi mál til rækilegrar skoðunar. Reynsla sú, sem hér er þegar fengin af síldarflutningum, getur komið að gagni við þá athugun. Eðlilegt virðist einnig að gefa gætur að reynslu Norðmanna, sem um margt búa við líkar aðstæður og við.

En samhliða því, sem kannaðir yrðu möguleikar á auknum og skipulögðum flutningi afla, þarf eigi síður að ihuga, hvað unnt er að gera til þess að bæta meðferð fisksins frá fyrstu hendi. Hér mun einnig mega margt af Norðmönnum læra, en þeir hafa um áraraðir notað fiskikassa í veiðiskipum sínum. Er áreiðanlega fyllsta ástæða til þess að taka það mál fastari tökum en gert hefur verið til þessa. Úrbætur kosta vitanlega fé, en þær eru óhjákvæmilegar vegna samkeppninnar á erlendum mörkuðum. Sjávarútvegsmálaráðherra hefur fyrir nokkru skipað nefnd til að ihuga þennan þátt málsins. Má því vænta þess, að hann sé þegar kominn á nokkurn rexpöl. En notkun fiskikassa í fiskiskipunum er sennilega í mörgum tilfellum undirstaða þess, að verulegir flutningar aflans séu framkvæmanlegir með viðunandi árangri.

Ekkert skal fullyrt fyrir fram um niðurstöður þeirra athugana, sem tillagan fjallar um. En það er vissulega til mikils að vinna, ef takast mætti með viðráðanlegum kostnaði að skipuleggja flutning afla af miðum og staða á milli með þeim árangri, að betur nýtist allt í senn, veiðifloti, vinnslustöðvar og vinnuafli, að því viðbættu, að meðferð aflans yrði einnig betri. Því er þessi tillaga fram borin.